ORKUSTOFNUN

Um holu 1 við Klambra (Langavatn) í Aðaldal

Lúðvík S. Georgsson

Greinargerð LSG-80/02

Haustið 1978 var boruð 1130 m djúp hola við Langavatn í Aðaldælahreppi í landi bæjarins Klambra. Árangur varð minni en vonast hafði verið til. Samkvæmt meðfylgjandi hitamælingu er botnhiti holunnar um 110°C. Holan virðist vera nokkuð opin niður undir botn en rennsli úr æðum er tregt. Í holunni eru fimm vatnsæðar, sem koma fram í hitamælingum. Þær eru á um 80 m , 200 m , 425 m , 585 m og 1000 m dýpi. Loks er töluvert innstreymi af köldu vatni niður með fóðurröri.

Eftir 7 klst loftdælingu í lok borunar fengust 12 l/s af um 23°C heitu vatni með 10-20 m niðurdrætti. Vatnsborð er nú á um 1 m dýpi. Í flóðum vorið 1979 runnu þó um stund úr holunni 4 l/s af um 40°C heitu vatni, sem virðist blanda vatns úr öllum æðum, en mest þó úr æðinni á 200 m dýpi. Rennsli hætti er flóðin sjötnuðu.

Ef halda á áfram heitavatnsöflun við Langavatn, er besti kosturinn að dýpka holuna, sem fyrir er í þeirri von að hitta á öfluga vatnsæð. Ef það tekst eru vissar líkur á, að vatnið verði sjálfrennandi. Gera má ráð fyrir 110-150°C heitu vatni á innan við 1500 m dýpi. Þá er einnig nauðsynlegt, til að virkja megi holuna, að fóðra hana niður á um 225 m dýpi til að loka af kaldar vatnsæðar.

Jarðhitadeild hefur nýlega látið gera lauslega hagkvæmnisúttekt á fyrirhugaðri hitaveitu Hvammsbæja í Aðaldal og var miðað við verðlag í apríl 1980. Niðurstöður urðu þær að heildarkostnaður við vatnsöflun mátti ekki ná 19 milljónum kr , ef hitaveitan átti að vera hagkvæm og er þá núverandi kostnaður við olíukyndingu lagður til grundvallar. Lágmarksvatnsþörf var um 2,5 - 3 l/s af um 80°C heitu vatni. Þó er rétt að benda á að mun meiri markaður, en þar er gert ráð fyrir, er til staðar ef nægilegt vatn fæst, svo sem Nesbær og Grenjaðarstaðartorfan.

GREINARGERÐARSAFN

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

Hitamælingar í borholum

'79.05.23.	
HJ/IB	
S-þing.	Hitam.
F 18468	



ORKUSTOFNUN

Dags. 1980-02-12

Tilv. vor LSG/sh

Dags.

Tilv. yðar

Gísli Kristjánsson bóndi
Lækjarhvammi
Aðaldælahreppi
641 Húsavík
S-Þingeyjarsýslu

Jarðhitadeild Orkustofnunnar hefur nýlega þróað tölvuforrit, sem auðveldar mjög gerð lauslegra kostnaðaráætlanna fyrir fyrirhugaðar hitaveitur til að kanna hagkvæmni þeirra. Í framhaldi af því hefur Jarðhitadeild m.a. kannað hagkvæmni hitaveitu fyrir Hvammsbæi í Aðaldælahrepp og sendist hér með greinargerð um niðurstöðurnar.

Virðingarfyllst,
f.h. Jarðhitadeildar

Lúðvík S. Georgsson

8

Heimili Nafnnúmer Sími Simnefni Banki Hlaupar